

Reglugjörð

20. apríl. um fyrirkomulag og undirbúning hagfræðisskýrslna um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskiveiðar og verzlun.

Samkvæmt fyrirætlum 2. greinar í lögum nr. 29 frá 8. nóvbr. 1895 er eptirrituð reglugjörð samin.

1. gr.

Til skýislna um landbúnað skal safnað á þann hátt, sem nú er gjört, þannig að hreppstjórar semji skýrslur þessar eptir framtali hreppsbúa á vor- og hausthreppaskilum. Skulu skýrslur þessar samdar eptir fyrirmyndinni A, sem prentuð er hjer á eptir. Samskonar skýrslur skulu bæjarfógetar semja fyrir kaupstaðina. Skýrslur hreppstjóra skulu vera komnar til sýslumanna fyrir lok hvers árs, og skulu sýslumenn síðan semja skýrslur um landbúnað á sama hátt, sem hingað til hefir átt sjer stað um skýrslur um búnaðarástandið. Skulu þessar skýrslur sýslumanna, ásamt skýrslum hreppstjóra sem fylgiskjölum, svo og samskonar skýrslur bæjarfógeta, vera komnar til amtmanna innan loka marz-mánaðar; semja amtmenn síðan yfirlit yfir landbúnað í hverju amti og senda landshöfðingja innan loka júnímánaðar, ásamt áður umgetnum skýrslum bæjarfógeta, sýslumanna og hreppstjóra.

2. gr.

Skýrslum um fiskiveiðar á opnum bátum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skulu og safna bæjarfógetar í kaupstöðum, en hreppstjórar á öllum öðrum stöðum, og skulu þeir semja skýrslur þessar eptir fyrirmynd B hjer á eptir. Um afla á opnum skipum eru formenn þeirra skyldir að gefa hreppstjóranum í þeim hreppi eða bæjarfógetanum í því kaupstaðarfjelagi, þar er skipinu er haldið úti, skýrslu við lok hverrar vertíðar; svo getur og hreppstjóri eða bæjarfógeti krafizt samskonar skýrslu utan vertíðar, þegar honum þykir þess þörf. Hreppstjórar og bæjarfógetar skulu hafa nákvæmar gætur á því, að allir formenn á opnum bátum gefi skýrslu um afla sinn, hvenær sem er á árinu, og skulu sjerstaklega hafa það hugfast, að utansveitarformenn sleppi eigi svo burtu úr hreppnum, að þeir eigi hafi áður gefið skýrslu um afla þann, er þeir hafa fengið þar í hreppi, er þeir hafa róið. Geti formaður einhverra hluta vegna eigi gefið skýrslu um aflann, skal útgerðarmaður skyldur til þess, ef hann er annar en formaðurinn. Þeir, sem hafa selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skulu skyldir að gefa við hver árslok hlutaðeiganda hreppstjóra eða bæjarfógeta nákvæma skýrslu um þessara tvinnugreinar á hinu umliðna ári. Skýrslur um fiskiveiðar á opnum bátum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju skulu samdar fyrir almanaksár, og skulu skýrslur hreppstjóra vera komnar til hlutaðeiganda sýslumanns innan loka febrúarmánaðar árið eptir. Síðan semja sýslumenn, á sama hátt og um landbúnað, skýrslu fyrir sýslu hverja eptir skýrslum hreppstjóra um fiskiveiðar á opnum skipum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, og senda amtmanni, ásamt skýrslum hreppstjóra sem fylgiskjölum, en amtmaður semur síðan samskonar skýrslu fyrir hvert amt, og sendir landshöfðingja, ásamt skýrsl-

um bæjarfógeta, sýslumanna og hreppstjóra. Umræddar skýrslur sýslumanna **56** skulu komnar til amtmanns innan loka júnímánaðar og skýrslur amtmanna til 20. apríl. landshöfðingja innan ágústmánaðarloka.

3. gr.

Skipstjórar á þilskipum, sem til fiskiveiða ganga, skulu skyldir að láta sýslumanni eða bæjarfógeta í tje, þegar skipið hættir fiskiveidum það árið, og annars, þegar sýslumaður eða bæjarfógeti krefst þess, skýrslu um afla skipsins eptir fyrirmynd C hjer á eptir, og skal sýslumaður eða bæjarfógeti sjá um, að skipstjóri sje útbúinn með eyðublöd eptir þessari fyrirmynd. Geti skipstjóri eigi einhverra hluta vegna gefið slíka skýrslu, skal útgerðarmaður skyldur til að láta hana í tje. Fyrir lok janúarmánaðar skal svo sýslumaður hver og bæjarfógeti senda landshöfðingja beina leið skýrslur skipstjóra (eða útgerðarmanna) um afla þeirra þilskipa, er gjörð hafa verið út í hverju lögsagnarumdæmi landsins.

4. gr.

Forstöðumenn fastra verzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfjelaga og pöntunarfjelaga, og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eða sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutadeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta í tje sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir, og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja hafi látið til landsins eða frá því; svo er þeim og skylt, að því leyti, sem vörurnar ganga kaupum og solum, að skýra frá útsöluverði innfluttrar vöru hjer á landi, og innkaupsverði innlendra vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru hingað fluttar eða til hvers lands hjeðan, allt eptir því sem eyðublöd, sem samin eru eptir fyrirmynd D 1 og 2 hjer á eptir, tilvísa, og skal sýslumaður annast um að nægilega mörg af eyðublöðum þessum sjeu jafnan til taks handa þeim, sem skýrslurnar eiga í tje að láta. Samskonar skýrslur skulu og þeir gefa, sem vörur flytja frá útlöndum til eigin nota og senda sínar eigin afurðir til útlanda, og skulu þeir tilgreina það verð, er þeir hafa keypt vörurnar fyrir, að viðbættum öllum kostnaði við innflutning, svo og það verð, er þeir hafa fengið fyrir vöruna í útlöndum, að frádregnum kostnaði við útflutning. Forstöðumenn fastra verzlana, kaupfjelaga og pöntunarfjelaga, svo og allir þeir, sem vörur kaupa annars frá útlöndum eða senda þangað vörur og búsettir eru hjer á landi, skulu við áramót hver gefa í einu lagi hina umtöluðu skýrslu fyrir hið umliðna ár, en hinir, er eigi eru búsettir hjer, skulu gefa skýrslu um innfluttar og útfluttar vörur í hvert skipti, sem þeir flytja vörur til landsins eða eða frá því, og skulu sýslumenn og bæjarfógetar gæta þess að heimta þær skýrslur, um leið og skip þau, er er vörurnar flytja eru afgreidd. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar hafa strangt eptirlit með því, að skýrslur þessar sjeu sem bezt úr garði gjörðar og áreiðanlegar, samkvæmt því, sem fyrir er skipað í landshöfðingjabrjefi 2. oktbr. 1895 (Stj.tíð. 1895. B bls. 233). Skýrslur kaupmanna og annara vöruflytjenda eða sendanda skulu sýslumenn og bæjarfógetar senda beint til landshöfðingja innan 4 mánaða eptir lok þess árs, er skýrslurnar eru gefnar fyrir.

29. dag aprilmán. 1897.

56

20. apríl.

5. gr.

Forstöðumenn sparisjóða og lánstofnana skulu senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum hlutadeigandi sjóðs eða stofnunar ásamt skýrslu um eignir og skuldir hans eða hennar eptir því formi, sem fyrirskipað er með landshöfðingjabrjefi 30. nóvbr. 1892 (Stjtið 1892, B, bls. 257—259). Skulu reikningar þessir og skýrslur komnar til landshöfðingja í seinasta lagi innan 3 mánaða eptir lok reikningsársins.

6. gr.

Stjórnarvöld þau, sem falið er að safna skýrslum þeim, sem um er rætt í 1.—4. gr., skulu gjöra sjer allt far um, að skýrslur þær, er þar er um að ræða, verði svo fullkomnar, sem auðið er, enda ber þeim að beita vægðarlaust sektum þeim, sem 8. gr. ofan nefndra laga tiltekur, ef þeir, sem skýrslurnar eiga í tje að láta, sýna nokkra tregðu í því efni. Að öðrum kosti mega hin nefndu stjórnarvöld búast við að sæta sjálf ábyrgð fyrir bresti þá, sem í þessu efni kynnu á að verða.

Reykjavík, 20. apríl 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Skýrsla

sýslu almanaksárið 18

hreppi

um búnaðarástandið í

Framteljendur.	Mannanöfn.	Býli.	Jorðargróði á árinu.	Hris og skógarviður, hestar.	
				Svörður eða mór, hestar.	
Jorðabætur á árinu.	Rótur-áveztir.	Rófur og næpur, tunnur.			
		Jarðepli, tunnur.			
Hey.	Úthey, hestar.				
		Taða, hestar.			
Jorðabætur á árinu.	Þúfnasljettun í ferh.föðmum.				
		Túngarðar hlaðnir, faðmar.			
		Skurðir til vatnsveitinga, faðmar.			
Land ræktað og yrkt í fard.	Kálgarðar og annað sáðland í ferh.föðm.				
		Tún, dagsláttur á 900 ferh.faðma.			
Gripir og fjenaður í fardögum.	Ær	Fölöld.			
		Tryppi veturgömul til 3 vetra.			
		Hestar og hryssur, 4 vetra og eldri.			
		Geitfje, samtals.			
		Gemlingar.			
		Sauðir og hrútar eldri en veturgamlir.			
		geldar.			
		með lömbum.			
		Kálfar.			
		Veturgamall nautpeningur.			
		Griðungar og geldneyti eldri en vet.göm.			
		Kýr og kelfdar kvígur.			
		Ábúðarhundruð.			

Fyrirmynd B.

Skýrsla

um fiskafla á opnum bátum, selveiði, dúntekju og fuglatekju í hreppi (bæ) sýslu árið

Nöfn og heimili bátaformanna, útgjörðarmanna, varpeigenda eða veiðareigenda.	Athugasemdir.		
	Fuglatekja.	Rita, tals.	
		Súla, tals.	
		Fýlungi, tals.	
		Svartfugl, tals.	
		Lundi, tals.	
	Dúnn, pund.		
	Selveiði.	Kópar, tals.	
		Fullorðnir selir, tals.	
	Lifur.	Önnur lifur, tunnur.	
		Hákarllifur, tunnur.	
		Þorskalifur, tunnur.	
	Fiskur.	Aðrar fiskitegundir (trofski), tals.	
		Silungur, tals.	
		Lax, tals.	
		Sild, tunnur.	
Langa, tals.			
Ysa, tals.			
Smáfiskur (þyrsklingur), tals.			
Þorskur, tals.			
Opnir bátar.	Stærri bátar, tals.		
	Sexæringar, tals.		
	Fjögurra manna för, tals.		
	Tveggja manna för, tals.		

